

Kvosin - vaggja leiklistar



Þorvarður Þorvarðsson.

Iðnó

Vonarstræti 3

Iðnaðarmannahúsið (Iðnó) reis af grunni árið 1896 og var tekið í notkun árið 1897. Það varð heimkynni Leikfélags Reykjavíkur, sem var stofnað 11. janúar 1897, og aðalleikhús bæjarins til 1950, þegar Þjóðleikhúsið var tekið í notkun. Í Iðnó varð í fyrsta skipti til leikflokkur sem starfaði reglubundið og leitaðist við að setja markið eins hátt í verkefnavali og listrænum vinnubrögðum og frekast varð á kosið.

Þorvarður Þorvarðsson var fyrsti formaður L.R. og í raun fyrsti leikhússtjóri Íslandssögunnar. Þorvarður hafði leikið með Stefaníu Guðmundsdóttur í Gúttó, en hann var prentari að atvinnu og einn af forystumönnum Iðnaðarmannafélagsins sem átti Iðnó til 1918. Þorvarður gegndi formennsku í L.R. til 1904. Honum var það öðrum fremur að þakka hversu félagið styrktist í sessi á þeim tíma.

Árið 1904 tók Árni Eiríksson við formennsku í L.R. Með því komust forystuleikararnir til aukinna áhrifa í félaginu og miðaðist verkefnaval gjarnan við óskir þeirra. Aðalleikstjórnur félagsins næstu tuttugu ár voru auk Árna og Stefaníu Guðmundsdóttur þau Jens B. Waage, Guðrún Indriðadóttir, Helgi Helgason Gunnþórunn Halldórsdóttir og Friðfinnur Guðjónsson. Margar sýningar L.R. á þessum tíma fengu afar góðar viðtökur, t.d. frumsýningarnar á leikritum Jóhanns Sigurjónssonar, *Fjalla-Eyvindi* og *Galdra-Lofti*.



Árni Eiríksson.



Friðfinnur Guðjónsson.

Guðrún Indriðadóttir og Jens B. Waage.

Gunnþórunn Halldórsdóttir.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS